



Múlaþing

Sóley Valdimarsdóttir

Lyngási 12,

700 Egilsstaðir

Garðabær, 13.5.2025

Málsnúmer: 202503-0078

IAS/BK/OKV/SS

Efni: Aðalskipulag Múlaþings. Kynning tillögu á vinnslustigi.

Vísað er til erindis frá Múlaþingi, dagsett 24. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun um Aðalskipulag Múlaþings - kynning tillögu á vinnslustigi.

Náttúrufræðistofnun náði ekki að rýna tillögurnar til fulls og mun koma með ítarlegri umsögn þegar endanlegt Aðalskipulag verður kynnt. Einnig bendir stofnunin á umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsinguna frá 31. janúar 2024 en einnigi bendir Náttúrufræðistofnun á eftirfarandi atriði.

Íbúðarbyggð

Gæta þarf vel að því að byggð á svæði ÍB601 norðanmegin í Fellabæ raski ekki votlendi. Einnig þarf að skoða ÍB609 en syðst á því svæði virðist líka vera mikið votlendi. Hlúa þarf að votlendi á markvissan hátt í skipulagsgerð á tímum loftslagsbreytinga en einnig vegna verndargildis þess m.a. sem búsvæði fugla og plantna.

Lyngbúi, sem er friðuð plöntutegund samkvæmt [auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og flétta](#) hefur fundist á Seyðisfirði á svæðum ÍB706 og ÍB702, og því þarf að skoða þau svæði vel áður en farið er í framkvæmdir.

Athafnasvæði

Votlendi er innan athafnasvæðanna AT601 og AT605 og því ber að hlífa eins og hægt er.

Íþróttasvæði

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um nýtt skotíþróttasvæði í Hamarsfirði og er það merkt inn á updrátt sem svæði ÍB201 en það vantar í töfluna í kafla 2.4 í greinargerð. Miðað við staðsetningu virðist það eiga að vera á frekar afskekktu, lítt snortnu svæði. Um þetta þarf að veita meiri upplýsingar.

Frístundabyggð

Í stefnu um samfélag og byggð á bls. 12 í greinargerðinni er jákvætt að stefnt sé að því að staðsetja nýjar frístundabyggðir á vel afmörkuðum og samfelldum svæðum til að vernda viðkvæm svæði. Mikilvægt er að forðast of dreifða, slitrótta landnýtingu sem raskar búsvæðum. Gott er að huga eigi að umhverfissjónarmiðum og sérstæðum náttúruminum við skipulagningu byggðar. Þá er jákvætt að tekin eru út frístundasvæði sem ekki hafa verið deiliskipulögð og framkvæmdir eru ekki hafnar.



Náttúrufræðistofnun vísar í fyrri umsagnir um deiliskipulag frístundabyggða við Eiða, F17 og F18.

Frístundabyggð F19 er að hluta innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár og þarf að taka tillit til þess.

Frístundabyggð F21, Kollustaðir er á óröskuðu svæði þar sem er bæði eru birkiskógur og votlendi og mælt er með að gera greinargóða úttekt á svæðinu og náttúrufari þess áður en gert er deiliskipulag fyrir svæðið.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Uppbygging í Laugarvalladal, AF208 og Snælandsfoss, AF238, þarf að vera hófstíllt til að raska ekki ásynd svæðanna.

Skógrækt

Mikil skógrækt er áformuð í tillögunni og er þó mjög víðfeðm skógrækt stunduð í sveitarfélaginu nú þegar. Er lögð sérstök áhersla á hlutverk skógræktar til kolefnisbindingar. Vert er að benda á að varað hefur verið við þeirri áherslu sem hefur verið lögð á skógrækt til kolefnisbindingar. Meðal annars hefur verið bent á að svokallað albedo (hlutfall sólargeislunar sem yfirborð jarðar endurvarpar) getur stórlega dregið úr ávinningi skógræktar á norðlægum slóðum til að sporna við hlýnun þar sem skógarþekja endurvarpar sólargeislun síður en opið land (sjá t.d. Bala o.fl. 2007, Hasler o.fl. 2024, Weber o.fl. 2024). Við ákveðnar aðstæður geti skógrækt meira að segja haft gagnstæð áhrif á loftslag, þ.e. valdið hlýnun fremur en kælingu (Bala o.fl. 2007, Kristensen o.fl. 2024).

Þá er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru (Wasowicz o.fl. 2025) og mögulega einnig sitkagreni (Nygaard og Øjen 2017).

Ísland stendur undir gríðarlega stórum stofnum vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve hátt hlutfall þeirra verpur hérlendis. Ýmsar blikur eru þó á lofti og benda talningar til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum sem munu lenda á valista fugla við næstu uppfærslu hans (Náttúrufræðistofnun, í vinnslu). Vaðfuglum stafar einkum hættu af landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Skógrækt felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022). Sveitarfélagið er hvatt til að leggja mat á hvar tækifæri eru til að taka frá stór, tengd búsvæði vaðfugla og hlífa fyrir landnotkun sem rýrir búsvæði þeirra.

Með þessi atriði til huga telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að fyrir áformaða skógrækt, ekki síst á þeim skógræktarsvæðum sem ætluð eru til kolefnisbindingar, ætti gera kröfu um að fyrir liggi upplýsingar um grunnástand lands sem felst m.a. í vistgerðakortlagningu, mælingum á því hversu mikið kolefni er nú þegar bundið í gróðri og jarðvegi, mælingum á endurvarpi sólargeislunar og úttekt á líffræðilegri fjölbreytni innan svæða, m.a. fuglalífi. Nú stendur yfir vinna hjá Landi og Skógi við að skilgreina gæðaviðmið fyrir val á landi fyrir skógrækt. Þau gæðaviðmið eiga m.a. að meta áhrif á þá þætti sem hér hefur verið fjallað um. Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að við áframhaldandi skipulag skógræktar sé stuðst við gæðaviðmiðin þegar þau liggja fyrir.



Þá hvetur Náttúrufræðistofnun eindregið til þess notaðar séu innlendar trjátegundir í skógrækt þar sem innfluttar tegundir geti reynst ágengar þegar fram líða stundir. Sérstaklega ætti að forðast notkun stafafuru sem rannsóknir hafa sýnt að uppfyllir skilyrði þess að geta talist framandi, ágeng tegund hérlendis (Wasowicz o.fl. 2025).

Hvað einstök svæði varðar þá eru nokkur mjög stórfelld áform á svæðum sem eru að mestu óröskuð í dag eins og við Brekkusel, SL23, sem stofnunin telur að mætti endurskoða hvað varðar umfang og tryggja að fram fari ítarleg greining á stöðu svæðisins í dag t.d. m.t.t. gróðurfars og fuglalífs. Einnig þarf að taka tillit til vaxtastaða friðlýstra plöntutegunda, t.d. við Hvanngilsmóa í Njarðvík.

Lönaðarsvæði

Ekki er fjallað um áform um uppbyggingu vindorku í sveitarfélaginu í tillögunni og vísað í ferli rammaáætlunar, sem er ágætt. Náttúrufræðistofnun gafst á þessu stigi ekki færi til að rýna í þaula skýrsluna um greiningu á svæðum fyrir vindorku í Múlaþingi, en mun koma með viðbrögð við því í umsögn um auglýsta tillögu. Athygli vekur að ekki er fjallað um áformaða Geitdalsárvirkjun, sem er í umhverfismati, í tillögunni.

Landbúnaðarsvæði

Nokkuð sérstakt er að Loðmundarfjörður og Víkurnar séu í heild sinni skilgreind sem landbúnaðarsvæði (L7 og L8) og að þar eigi að gera ráð fyrir að landbúnaður sé stundaður á öllu svæðinu með mögulega fastri búsetu. Er það ekki í takt við núverandi nýtingu svæðisins nema að mjög litlu leyti. Eðlilegra væri að mati Náttúrufræðistofnunar að skipta svæðinu meira niður og skilgreina t.d. óbyggð svæði í meira mæli. Að mati Náttúrufræðistofnunar ættu ýmsir skilmálar sem eiga almennt við um landbúnaðarsvæði alls ekki að eiga við stærstan hluta af þessu svæði sem hefur mikið verndargildi vegna landslags, jarðminja og gróðurfars.

Efnistaka

Í kafla 3.5 kemur ekki fram í töflu hvort um sé að ræða ný efnistökusvæði eða efnistökusvæði sem þegar eru í notkun. Ekki eru allar námurnar í námuskrá Vegagerðarinnar og í nokkrum er skráð að efnistöku sé lokið og þær jafnvel skráðar fullfrágengnar. Þá kemur ekki heldur fram í töflunni hvers konar efni er fyrirhugað að vinna og í hvaða umhverfi. Náttúrufræðistofnun bendir t.d. á að almennt er ekki æskilegt að vinna efni úr virkum árfarvegum þar sem áhrifa efnistöku getur gætt langt upp og niður fyrir efnistökusvæðið.

Verndarsvæði

Fram kemur að einhver hverfisverndarsvæði hafi verið tekin út en önnur ný sett inn t.d. þar sem friðlýst æðarvörp eru. Náttúrufræðistofnun vill hvetja sveitarfélagið til að skoða tækifæri til að fjölga hverfisverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum með það að markmiði að hlúa að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, jarðminja og landslags. Náttúrufræðistofnun er fjölbreytt og verðmætt í sveitarfélaginu enda það með þeim stærri á landinu. Benda má á tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum fyrir framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinnuskrár en þar eru m.a. stór mjög verðmæt votlendis- vatna- og fuglasvæði á Úthéraði, fjöru- og selasvæði í Álfafirði og Berufirði og eyjan Papey.



Þá er eitt svæði er á þeirri framkvæmdaáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, svæðið Húsey-Eyjasel, er innan sveitarfélagsins og er þess saknað að það sé ekki ávarpað sem framtíðar friðlýst svæði.

Umhverfismatsskýrslan

Ekki er tekið undir það að áhrif af skógrækt á náttúru verði einungis jákvæð, samanber það sem fjallað er um hér að ofan, en það fer algjörlega eftir staðsetningu, eðli og framkvæmd skógræktaráformanna. Einnig eru nokkur athafnarsvæði þar sem náttúru verður raskað þannig að þar ætti í það minnsta að vera metin óveruleg áhrif.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur